



**70. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar**  
fimmtudaginn, 8. janúar, 2004, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Mæting skv. undirskriftum.

**Dagskrá:**

1. Atvinnumál.
2. Bréf frá félagi hjartasjúklinga á NV.
3. Bréf frá Félagsmálaráðuneytinu vegna húsaleigubóta.
4. Fundargerð stjórnar Atvinnuþróunarfélags NV.
5. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
6. Afskriftir innheimtukrafna.
7. Langtíma fjárhagsáætlun Blönduóssbæjar 2005-2007.
8. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

**1. Atvinnumál.**

*Rætt um stöðu nýrra atvinnutækifæra í sveitarfélaginu. Bæjarstjóri mun kalla saman fund við fyrstu hentugleika vegna stýrihóps í atvinnumálum til að ræða nánar framtíðarsýn og atvinnustefnu sveitarfélagsins.*

**2. Bréf frá félagi hjartasjúklinga á NV.**

*Í bréfi formanns félags hjartasjúklinga á Norðurlandi vestra, Sigurlaugar Þóru Hermannsdóttur kemur fram að jólakortastyrkur Blönduóssbæjar sem afhentur var félaginu hinn 17. desember 2003, verður nýttur til tækjakaupa fyrir hjartasjúklinga á svæðinu. Þakkar formaðurinn styrkinn og óskar bæjarstjórnarmönnum gleðilegs árs og velfarnaðar í starfi á nýju ári.*

**3. Bréf frá Félagsmálaráðuneytinu vegna húsaleigubóta.**

*Í bréfi ráðuneytisins kemur m.a. fram að áætlað greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2004 muni nema 40% á móti greiðslum sveitarfélaga á húsaleigubótum. Heildarfjármagn til húsaleigubóta úr Jöfnunarsjóði á árinu 2004 nemur 578,6 mkr. Áætlaðar heildargreiðslur sveitarfélaga á húsaleigubótum á árinu eru áætlaðar samtals 1.438,0 mkr sem er um 20,4% hækkun frá árinu 2003. Í bréfinu kemur jafnframt fram að greiðsluhlutfall þetta yrði tekið til endurskoðunar ef breyting verður á fjármagni því sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar, að teknu tilliti til raungreiðslna sveitarfélaga á húsaleigubótum.*



**4. Fundargerð stjórnar Atvinnuþróunarfélags NV.**

*Lagðar fram til kynningar fundargerðir frá 17. október og 12. desember sl.*

**5. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

*Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnarinnar frá 12. desember 2003.*

**6. Afskriftir innheimtukrafna.**

*Bæjarstjóri lagði fram lista yfir kröfur sem þegar hafa verið í innheimtu hjá lögfræðingi en án árangurs. Hafa þær verið endursendar til sveitarfélagsins með tillögu að afskriftum. Um er að ræða 8 einstaklinga og er upphæð samtals kr. 1.314.222,-.*

*Jafnframt var lagður fram listi um kröfur sem ekki hafa verið sendar lögfræðingi til frekari innheimtu og er það mat fjármálastjóra að ekki takist að innheimta þær sökum þess að flestir einstaklingar/ fyrirtæki eru orðin gjaldþrota og innheimtuaðgerðir hafa verið árangurslausar. . Um er að ræða 10 fyrirtæki/einstaklinga og nemur upphæðin alls kr. 1.545.616,- .*

*Bæjarráð samþykkir að afskrifa ofangreindar upphæðir. Nánar bókað í trúnaðarbók.*

**7. Langtíma fjárhagsáætlun Blönduóssbæjar 2005-2007.**

*Rætt almennt um áætlunina og ákveðið að halda áfram umræðu á næsta fundi.*

**8. Önnur mál.**

*a) Á fundi Félagsheimilisins hinn 10. nóvember sl. var erindi félags eldri borgara, um að felld verði niður húsaleiga vegna leikfimi eldri borgara, vísað til bæjarráðs. Bæjarráð hafnar erindinu.*

*b) Þjónustuhús í Brautarhvammi. Ákveðið að leita tilboða hjá Stíganda hf og fyrirtækinu Krákur ehf. vegna byggingar þjónustuhúss.*

**Fundargerð upplestin og samþykkt.**

**Fundi slitið kl. 19:25.**

Hjördís Blöndal (sign.)  
Valdimar Guðmannsson (sign.)  
Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)